

MENNINGARHÚS Í SKAGAFIRÐI
ÚTFÆRSLUR OG ÁÆTLANIR

MAÍ 2004



Skagafjörður

INNGANGUR

Ríkisstjórnin kynnti áform um byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni formlega þann 7. janúar 1999. Um er að ræða aðstöðu fyrir lista- og menningarstarfsemi og nefndir voru fimm staðir þar sem húsin munu rísa: Ísafjörður, Sauðárkrókur, Akureyri, Egilsstaðir og Vestmannaeyjar.

Samkvæmt tilkynningu ríkisstjórnarinnar er menningarhúsunum ætlað að *skapa nútímalega aðstöðu fyrir menningarstarf, tónlist og leiklist og taka mið af breyttum kröfum auk þarfa í ferðaþjónustu.*

Menntamálaráðherra sagðist búast við því að um það bil áratug tæki að koma menningarhúsunum upp, og að það yrði sameiginlegt verkefni ríkis, sveitarfélaga og einstaklinga. Sums staðar þyrfti að byggja ný hús fyrir starfsemina, en á öðrum stöðum yrðu væntanlega nýtt hús, sem þegar eru fyrir hendi. Í framhaldi af yfirlýsingunni sagði forsætisráðherra að kostnaður lægi ekki fyrir en að áhersla yrði fremur lögð á að menningarhúsin yrði vegleg en að þau risi ört.

Síðan þessi yfirlýsing var gefin út hafa þau byggðarlög sem nefnd voru unnið að undirbúningi hvert á sínu svæði og í mars 2003 voru undirritaðar samningar um byggingu menningarhúsa á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Skömmu síðar ákvað Ríkisstjórnin síðan að leggja rúmlega 250 milljónir til endurbyggingar á þremur húsum á Ísafirði sem verða menningarhús Vestfirðinga. Á Austurlandi eru einnig uppi hugmyndir um þrjár til fjórar menningarmiðstöðvar.

Hlutverk þessarar greinargerðar er að kynna nánari útfærslur á þeim hugmyndum sem kynntar voru fyrir Forsætisráðherra og Menntamálaráðherra á fyrri hluta árs 2003 um menningarhús í Skagafirði.

MENNING Í SKAGAFIRÐI

Skagafjörður á merka menningarsögu. Í nokkrar aldir voru Hólar í Hjaltadal óopinber höfuðstaður Íslands, í hlutverki biskupsstóls og seinna sem alhliða menningarsetur þar sem meðal annars fyrsta prentsmiðja Íslendinga var sett á laggirnar. Fyrr á öldum voru það menningarsetur eins og Reynistaðaklaustur og Hólar í Hjaltadal sem héldu uppi menningarkerkjum Skagafjarðar en í seinni tíð hefur fjöldi safna, félagsheimila og félagsamtaka tekið við því hlutverki.

Menning?

Skilgreining á orðinu menning hefur oft á tíðum vafist fyrir fólki og ekki verður farið í lærða skilgreiningu á hugtakinu hér. Þó er nauðsynlegt að afmarka að hluta hvað er átt við þegar rætt er um hugtakið menning, í umfjöllun um menningarhús í Skagafirði. Við veljum hér að skilgreina menninguna tiltölulega þröngt og fjalla um list og sögu sem viðfangsefni menningarhúsa Skagfirðinga. Önnur menning (eða ómenning) á nú þegar sinn farveg og verður á endanum skráð í sögubækur og verður þannig verkefni fyrir menningarhús framtíðarinnar.

Leiklist

Leiklist á miklar rætur í Skagafirði og má rekja sögu hennar frá miðri 19. öld. Skagfirðingurinn Sigurður Guðmundsson málari var upphafsmaður skipulags leiklistarstarfs á Íslandi og voru ýmsir heimamenn í nánú samstarfi við hann. Skagafjörður hefur einni alið af sér þekktu leikara sem hafa sett sinn svip á menningarlíf þjóðarinnar, má þar að öðrum ólöstuðum nefna „hinn svarta senuþjóf“ Harald Björnsson. Í dag eru tvö áhugaleikfélög starfrækt í Skagafirði og eru settar upp um þrjár sýningar á ári í firðinum.

Tónlist

Tónlistin hefur ætíð verið órjúfanlegur þáttur menningar Skagfirðinga, hvort sem um er að ræða kórsöng, klassíska tónlist eða dægurlagaflutning en margir þekktir flytjendur og höfundar tónlistar koma úr Skagafirði. Nægir þar að nefna þekktu flytjendur og tónskáld eins og Stefán Íslandi, Eyþór Stefánsson, Pétur Sigurðsson, Erlu Þorsteinsdóttur, Karlaþórinn Heimi, Álftagerðisbræður og Geirmund Valtýsson.

Sjónlist

Skagafjörður hefur alið af sér marga þekktu listmálara og sjónlistamenn. Meðal þeirra má nefna Jón Stefánsson, Sigurð Sigurðsson, Hrólfr Sigurðsson, Jóhannes Geir Jónsson og Sigurlaug Eliasson sem heldur vinnustofu sína á Sauðárkróki. Svo farið sé lengra aftur má auðvitað nefna Bertel Thorvaldsen sem er sennilega þekktasti listamaður sem Skagafjörður hefur alið af sér. Að auki hafa þekktir

listmálarar verið búsettir í Skagafirði um lengri eða skemmri tíma, svo sem Sossa og Elías B. Halldórsson.

Handverk og nytjalist

Ekki verður komist hjá því að nefna handverk og nytjalist ef fjalla á um menningu í Skagafirði. Handverk hefur nokkuð fasta stöðu í menningarlífi Skagfirðinga og mikill fjöldi vinnur að handverki af ýmsu tagi. Alþýðulist eru samtök skagfirskrs handverksfólks sem sérhæfir sig í framleiðslu á minjagripum til sölu víðsvegar um landið. Að auki er fjöldinn allur af handverksfólki að vinna að eigin listsköpun í heimahúsum. Til stendur að koma upp sameiginlegri starfsaðstöðu fyrir handverksfólk á Sauðárkróki og mögulega á Hofsósi.

Orð og ræða

Rithöfundar og hugsuðir hafa margir komið frá Skagafirði. Hugmyndir og lífsýn sína hafa þeir sett fram í bundnu máli, leikverkum og skáldsögum. Ritlist hefur verið samofin Skagfirðingum frá upphafi byggðar og hefur biskupstóllinn að Hólum haft þar mikil áhrif. Hallgrímur Pétursson sálmaskáld, Hjálmar Jónsson í Bólu, Stephan G. Stephansson, Hannes Pétursson Indriði G. Þorsteinsson og Gyrðir Eliasson voru og eru allir samofnir skagfirsku menningarlífi og fleiri mætti nefna.

Söfn og minjar

Skagafjörður er hérað mikillar sögu og eru fjöldi safna og menningarstofnanna með það hlutverk að varðveita söguminjar. Nægir þar að nefna Byggðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ, Minjasafn Kristjáns Runólfssonar á Sauðárkróki, Vesturfasetrið á Hofsósi, Hóla í Hjaltadal og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Ráðist hefur verið í miklar fornleifarannsóknir í Skagafirði á síðustu árum. Þar ber hæst uppgröft á Hólastað og í Kolkuósi, en sú rannsókn hefur verið myndarlega styrkt af Kristnihátíðarsjóði. Þá hafa bandarískir sérfræðingar stundað rannsóknir í Skagafirði með fulltingi Háskóla Kaliforníuríkis í Los Angeles (UCLA) og verður þessum rannsóknum fram haldið sumarið 2004. Uppgröftur og rannsóknir á fornminjum er til þess fallinn að styrkja enn frekar menningarstarf í héraðinu, hvort sem litið er til söguritunar eða almennrar vitneskju um fortíð Íslands.

Listin að lifa

“Skagfirðingar kunna vel að skemmta sér” segir í vísukorni er ritað var fyrir revíu sem sett var upp á Sauðárkróki í Sæluviku Skagfirðinga um miðja síðustu öld. Það má með sanni segja að þetta séu sannmæli, því Skagfirðingar hafa löngum verið taldir miklir gleðimenn og finna sér stöðugt tækifæri til að skemmta sér og öðrum. Ein þekktasta menningarsamkoma fyrri tíma var Sæluvikan, en hún var sett upp í tengslum við sýslufundi Skagafjarðar á árum áður. Þessari hefð hefur

verið haldið við og á hverju ári í lok apríl er Sæluvika sett í Skagafirði, þar sem boðið er uppá menningarviðburði af margvíslegum toga. Aðrir fastir menningarviðburðir í Skagafirði er til dæmis hestasýningin “Tekið til kostanna”, Hólahátíð, Jónsmessuhátíð í Hofsósi, Vesturfaradagur og hátíðarhöld tengd Laufskálarétt.

MENNINGARHÚS Í SKAGAFIRÐI

Segja má að hugmyndir Skagfirðinga varðandi menningarhús sé í anda þeirra hugmynda sem unnið hefur verið með á Vestfjörðum og að hluta til á Austfjörðum. Gert er ráð fyrir því að byggja upp þrjú menningarhús sem hvert hefur sitt hlutverk og nýta þau hús sem til eru að hluta í stað þess að byggja ný frá grunni.

Menningarhúsin þrjú eru eftirfarandi:

1) Menningarmiðstöð á Sauðárkróki

Þannig er hugmyndin annars vegar að byggja við núverandi Safnahús Skagfirðinga á Sauðárkróki og að þar verði menningarmiðstöð með áherslu á fræðastörf og sýningar, sem hýsi m.a. sýningarsal, bókasafn, listasafn, skjalasafn og safnageymslur.

2) Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Miðgarður í Varmahlíð

Hins vegar verði byggt við félagsheimilið Miðgarður í Varmahlíð, en þar verði áherslan á tónlistarflutning, stærri hátíðir og ráðstefnuhald.

3) Sviðslistahúsið Bifröst á Sauðárkróki

Sveitarfélagið Skagafjörður hefur þegar innréttað menningarhús sem sinnir sviðslistum en félagsheimilinu Bifröst á Sauðárkróki var breytt í leik- og kvikmyndahús á síðasta ári. Ekki verður fjallað frekar um það hús í þessari skýrslu.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hugmyndum er lúta að Menningarmiðstöð á Sauðárkróki og Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Miðgarði.

SAFNAHÚS SKAGFIRÐINGA

VERÐUR LIFANDI MENNINGARMÍÐSTÖÐ



Safnahús Skagfirðinga var byggt á árunum 1965-1975 og hefur frá upphafi hýst Héraðsbókasafn, Héraðsskjalasafn og Listasafn Skagfirðinga, auk þess sem í húsinu er um 200m² salur, sá eini í Skagafirði sem er sérstaklega hannaður fyrir listsýningar. Á undanförunum misserum hafa verið settar þar upp metnaðarfullar sýningar sem hafa vakið mikla athygli, svo sem sýning á verkum Bólu-Hjálmars og Sölva Helgasonar og sýningu um tónlist í Skagafirði í 1000 ár, ásamt fjölmörgum listsýningum. Sumarið 2003 setti Leikminjasafn Íslands þar upp sýningu um Sigurð málara, sem var frumkvöðull í íslensku leikhúsi.

Safnahús Skagfirðinga var byggt á árunum 1966-1972. Frá þeim tíma hefur húsið þjónað sem bókasafn, skjalasafn og veitt aðstöðu fyrir margs konar sýningarhald. Á þeim þrjátíu árum síðan húsið var byggt hefur gengið á pláss í húsinu og er nú komin upp sú staða að plássið er gjörnýtt og stendur starfseminni fyrir þrifum að mörgu leyti.

Starfsemi safna hefur breyst verulega á síðustu árum og mikilvægi þeirra aukist að sama skapi. Söfn eiga að þjóna sem alhliða upplýsingastofnanir fyrir almenning en vegna aðstöðuleysisins hefur skort á að starfsemin sé fyllilega aðgengileg almenningi. Jafnframt er mikilvægt að leita leiða til að útvíkka starfsemina og mæta kröfum nýrra tíma.

Hugmyndin um Safnahús Skagfirðinga sem lifandi menningarmiðstöð gengur í stuttu máli út á að í húsinu verði fjölbreytt starfsemi sem höfði til sem flestra aldurhópa, miðpunktur félagslífs, lista og fróðleiks, en um leið miðstöð upplýsinga fyrir íbúa sem og gesti þeirra. Þær hugmyndir sem hér eru kynntar gera ráð fyrir því að byggð verði

viðbygging við núverandi Safnahús. Þessi viðbygging yrði um 1.350 m² að gólfleti sem yrði ríflega tvöföldun á núverandi gólfleti hússins.

Hugmyndir um starfsemi í nýrri menningarmiðstöð á Sauðárkróki

Hugmyndir þær sem hér eru settar fram ganga í stuttu máli út á eftirfarandi starfsemi:

Öflug söfn

Ljóst er að þau söfn sem hafa aðstöðu sína í húsinu; *Héraðsbókasafn Skagfirðinga*, *Héraðsskjalasafn Skagfirðinga* og *Listasafn Skagfirðinga* þurfa mun meira pláss fyrir starfsemi sína, bæði sýningar og geymslur.

Héraðsbókasafn Skagfirðinga var stofnað árið 1904 og þarfnast aukins rýmis til að geta veitt viðunandi þjónustu. Safnið þarf a.m.k 350 m²

aðstöðu fyrir útlánasafn og að auki rúmgóðar geymslur. Afar mikilvægt er að safnið fái aðstöðu fyrir útlán á jarðhæð.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga var stofnað árið 1947 og er elsta héraðsskjalasafn landsins. Allt frá upphafi hefur verið lögð mikil áhersla á söfnun heimilda til safnsins og er nú talið að þar sé varðveitt stærsta handritasafn landsins utan Reykjavíkur. Safnið nýtur nokkurrar sérstöðu meðal héraðsskjalasafna, þar sem það hefur alla tíð verið fræðamiðstöð í héraði sem almenningur leitar til varðandi sögu og menningu héraðsins. Einnig hefur safnið tekið virkan þátt í uppsetningu sýninga og aðstoðað aðila t.d. í ferðaþjónustu við uppbyggingu á starfsemi sinni. Áætlað er að safnið þurfi um 200 m² aðstöðu fyrir starfsemi sína til afgreiðslu auk verulegs rýmis í geymslum.

Listasafn Skagfirðinga hefur í sinni eigu talsvert af listmunum sem því hefur áskotnast á liðnum áratugum. Jafnframt hefur safnið staðið fyrir listsýningum. Ekki er viðunandi geymslurými fyrir listmuni í húsinu og verður að bæta úr því. Jafnframt er fyrirhugað að auka mjög starfsemi safnsins frá því sem nú er. Gert er ráð fyrir að safnið þurfi um 70 m² fyrir starfsemi sína.

Byggðasafn Skagfirðinga þarf á meira rými að halda, bæði fyrir skrifstofur og ekki síður fyrir geymslur. Gert er ráð fyrir að Byggðasafnið fái aðstöðu í húsinu fyrir hluta starfsemi sinnar.

Með því móti að samhæfa söfnin undir einu þaki standa vonir til að mögulegt verði að styrkja enn frekar grunn fræðastarfs í héraðinu. Söfnin eru hvert um sig afar fámennar stofnanir en hafa unnið náið saman að ýmsum málum og verkefnum. Með sameiginlegu húsnæði verður aðveldara að vinna að ýmsum verkefnum og sérþekking hvers starfsmanns nýtur sín betur.

Einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi safna er að geta boðið upp á góða geymsluaðstöðu fyrir muni, handrit, ljósmyndir eða hvaðeina sem söfnin geyma. Með byggingu menningarhúss er ætlunin að bæta stórlega geymsluaðstöðu safnanna og þar verði fullkomin aðstaða til geymslu, forvörslu og rannsókna á arfi kynslóðanna. Hugsanlegur möguleiki er að geymslur safnana verði að hluta til opnar almenningi.

Fjölnota sýningarsalur og aðstaða fyrir skapandi fólk í leik og starfi.

Lögð er áhersla á að Menningarmiðstöðin á Sauðárkróki húsið verði sem mest fjölnota, fyrir utan fasta starfsemi safnanna. Samkvæmt lauslegum drögum eða hugmyndum um innra skipulag hússins er gert ráð fyrir myndarlegu kaffihúsi eða samkomustað við inngang hússins sem fengið hefur vinnuheitið *Faxatorg*. Hugmyndin er að þar geti fólk

komið saman og blaðað í tímaritum eða blöðum, innlendum sem erlendum, fengið sér kaffi og spjallað við náungann á Faxatorgi. Í frumuppdráttunum sem fylgja þessari skýrslu er jafnframt gert ráð fyrir að um 250 m² sýningarsalur verði á neðri hæð hússins og að hann verði hægt að opna fram á Faxatorg og skapa þannig sameiginlegt rými sem yrði um 400 m². Þar ætti því að vera möguleiki á verulega góðri sýningaraðstöðu. Fyrirhugað er að föst sýning um sögu Skagafjarðar verði í húsinu en að auki verði hafðar uppi ýmiskonar listsýningar í húsinu allan ársins hring.

Á efri hæð er gert ráð fyrir um 550 m² rými þar sem verði góð aðstaða fyrir tómstundastarf mismunandi kynslóða, námskeið, leiki, barnastarf, fræðslu og hvaðeina sem íbúar hafa áhuga á að stunda innan veggja hússins. Rými á efri hæð er í raun og veru ekki nákvæmlega skilgreint, enda er megin hugmyndin með því sú að það sé mögulegt að mæta breyttum kröfum með tiltölulega litlum tilkostnaði.

Aðstaða til náms.

Áætlað er að á efri hæð verði m.a. fullbúin kennslustofa með fjarkennslubúnaði og aðstöðu til að sýna heimildamyndir. Þarna skapast því aðstaða til fjarnáms, sem og aðstaða fyrir skagfirsku söfnin til að taka á móti gesta s.s. nemendahópa.

Á síðustu árum hefur aukist þrýstingur á aðstöðu fyrir nemendur og fræðimenn sem eru að sinna hugðarefnum sínum. Má segja að sú umbreyting sem orðið hefur í námsframboði og tilkoma fjarnáms hafi aukið áhersluna á að fá vinnuaðstöðu í námunda við söfnin og er það vel. Á hinn bóginn hefur því miður ekki verið unnt að mæta þessum óskum vegna plássleysis. Lögð er mikil áhersla á að mæta þessum kröfum í nýju menningarhúsi. Ýmsar hugmyndir hafa komið upp varðandi þennan hluta starfseminnar. T.d. að Farskóli Norðurlands vestra fái aðstöðu í húsinu og samnýti þar með kennslustofu og sali hússins. Sú hugmynd myndi falla vel að starfsemi hússins.

Upplýsingatorg.

Áætlað að upplýsingamiðstöð verði starfandi í húsinu þar sem ferðamenn geta fengið upplýsingar um það sem helst er á baugi í Skagafirði. Einnig er mikilvægt að upplýsingamiðstöðin sé virk fyrir íbúa héraðsins og þar geti þeir sótt upplýsingar og leiðbeiningar um hvaðeina sem snýr að stjórnsýslu og hvert beri að leita eftir upplýsingum eða aðstoð. Ráðgert er að starfsemi Markaðs- og þróunarsviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar muni að hluta til flytja í húsið en undir það heyra m.a. kynningar-, menningar- atvinnu- og ferðamál.

Aðstaða til fræðaiðkunar.

Auk starfsemi safnanna hafa Sögufélag Skagfirðinga aðsetur sitt í Safnahúsinu sem og fræðimenn sem vinna að ritun Byggðasögu Skagafjarðar. Sögufélag Skagfirðinga hefur gefið út um 80 rit frá

stofnun þess árið 1937. Á árinu 2004 er fyrirhugað að félagið gefi út tvær bækur auk þess sem þriðja bindi Byggðasögu Skagafjarðar kemur út á árinu. Starfsemi Sögufélagsins er afar mikilvægur þáttur í skagfirskri menningu og full ástæða til að efla hann, jafnvel í tengslum við þá útgáfu sem skagfirsku söfnin standa fyrir.

TÓNLISTAR-, HÁTÍÐAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ MIÐGARÐUR



Félagsheimilið Miðgarður var byggt árið 1967. Húsið hefur alla tíð verið vel nýtt og segja má að það hafi sinnt sínu hlutverki með sóma. Húsið er hins vegar komið til ára sinna og stendur ekki undir þeim kröfum sem gerðar eru til fyrsta flokks tónlistarhúsa í dag.

Hugmyndin um Miðgarð sem tónlistar- og ráðstefnuhús er komin frá þriggja manna vinnuhóp sem sveitafélögin í Skagafirði settu saman árið 2001.

Í stuttu máli sagt er ráðgert að breyta Miðgarði í menningarhús með þriðjættu hlutverki.

1) Tónlistarhús

Í húsinu verði tónleikasalur sem taki um 400-450 manns í sæti. Þessi salur á að vera þannig hannaður að hljómburður verði sem bestur, auk þess sem svið verði þannig útbúið að þar geti farið fram flutningur söngleikja og einfaldari

óperuverka. Þessu fylgir einnig gott geymslurými fyrir hljóðfæri, búningsherbergi fyrir listamenn og fleira þess háttar.

2) Hús fyrir innanhéraðssamkomur

Hér er átt við árshátíðir, stærri dansleiki, þorrablót, erfidrykkjur og aðrar samkomur af svipuðum toga. Æskilegt væri að aðalsalur og hliðarsalur væri þannig tengdir saman að samanlagt gætu um 500-600 manns setið þar til borðs. Hér þarf einnig að koma til eldhúsaðstaða. Gera þarf ráð fyrir vínveitingum í húsinu.

3) Ráðstefnuhús

Gert er ráð fyrir því að endurbótum á Miðgarði verði hagað þannig að húsið henti vel fyrir ráðstefnur og fundi. Minna má á að Hótel Varmahlíð, sumarhúsaahverfi, verslun, veitingastaður og sundlaug eru í nokkurra mínútna göngufæri frá Miðgarði, auk þess sem Varmahlíð er í þjóðbraut. Skilyrði til ráðstefnuhalds ættu því að vera fyrir hendi.

Miðgarður í dag.

Eftirfarandi er niðurstaða úr skoðun á núverandi stöðu Miðgarðs:

- Miðgarður tekur í dag um 250-300 manns í mat árshátíðum og stærri veislum og á tónleikum má koma um 300-340 manns í sæti. Húsið rúmar því stærri veislur s.s. afmæli, þorablót, erfidrykkjur og flestar árshátíðir, en slæmt ástand hússins hefur dregið úr áhuga fólks á því að nýta húsið síðustu ár.
- Annað hús er ekki til í Skagafirði til að taka við samsvarandi veisluhöldum nema íþróttahúsið á Sauðárkróki, sem byggt var undir aðra starfsemi.
- Eldhúsaðstaða í Miðgarði er alls ekki fullnægjandi.
- Salernisaðstaða fyrir fatlaða er ekki fyrir hendi, auk þess sem aðgengi fyrir fatlaða er ekkert.
- Baraástaða er lítil sem engin.
- Skortur er á geymslurými fyrir stóla borð ofl.
- Efri hæð hússins er illa nýtt og þar mætti jafnvel búa til stóran sal með því að fella nokkra lausa milliveggi.
- Í kjallara er mikið rými sem nýttist lítið sem geymslurými vegna þar sem aðgengi er ekki gott, en engin lyfta er í húsinu.

Breytingar á Miðgarði:

Eftirfarandi hugmyndir eru settar fram til að ná þeim markmiðum sem sett voru fram hér að framan um breytta starfsemi. Tekið skal fram að ekki hefur farið fram hönnunarvinna og nákvæm áætlunargerð vegna eftirfarandi hugmynda.

a) Stækkun á sal

Miðað við þau áform að stækka samkomusal Miðgarðs til að fjölga mögulegum matargestum upp í rúmlega 500 og tónleikagestum upp í 400-500 virðast einkum ein leið fær og það er að fylgja í grundvallaratriðum þeirri hugmynd sem “Miðgarðsnefndin” svokallaða setti fram fyrir tveimur árum. Sú hugmynd gengur út á að færa allan salinn og forsalinn í sömu hæð og fjarlægja litlar kompur sem nú þrengja að salnum. Með þessu móti taldi arkitekt sem vann fyrir nefndina að 460 áhorfendur gætu setið í salnum. Þó ber að benda á skerta lofthæð til hliða og aftast í salnum sem dregur úr hljómgæðum á þeim svæðum.

Með þessu móti skapast möguleikar á því að tengja betur saman forsal og aðalsal og skapa þannig fleiri möguleika í nýtingu.

Þessu til viðbótar mætti svo bæta við þeim möguleika með einföldum “sniglalyftum” að lyfta megi upp “hliðarvængjum” og upphækkun aftast í salnum þegar það hentar. Eins mætti auðveldlega útbúa aftasta hluta salarins þannig að þar væri hægt að hækka sætaraðirnar og bjóða þannig upp á betra útsýni þaðan.

Bæta mætti hljómgæði og auka rými í salnum með því að fjarlægja “bíóklefann” á efri hæð hússins. Ekki er auðvelt að áætla hvað það

gæti kostað en hún um er að ræða verulegar upphæðir þar sem þessi aðgerð felur í sér inngríp í burðarvirki hússins.

Fyrirsjáanlegur er mikill kostnaður við að bæta hljómburð í húsinu og skipta út nær allri lýsingu í aðalsal.

b) Laust svið

Hafa þarf í huga þann möguleika að útbúa laust svið sem setja mætti upp með lítilli fyrirhöfn í austurenda salarins á fjölmennustu hátíðum s.s. þorrablótum og skapa þannig möguleika á því að dekkja upp borð á núverandi sviði.

c) Stærri forsalur, fleiri salerni og nýtt fatahengi.

Fyrir liggur að stækka þarf forsal með einhverjum ráðum.

Núverandi snyrtingar eru að mestu ónýtar og of litlar og auk þess vantar snyrtingar fyrir fatlaða í húsið. Hér er rétt að huga að nýtingu á því rými sem þegar er í húsinu t.d. í kjallara. Til dæmis mætti hugsa sér að í kjallara yrðu snyrtingar og fatahengi í tengslum við lyftu sem kæmi hjá stiganum niður í kjallara sem er við hliðina á aðalinnganginum í húsið. Þannig mætti nota stærsta hlutann af því svæði sem snyrtingar og fatahengi eru á í dag til að stækka forsalinn.

d) Nýtt eldhús

Innrétta þarf nýtt eldhús sem er fullnægjandi fyrir 450-500 manna matar og/eða kaffiveislur. Væntanlega er skynsamlegast að leggja áherslu á að byggja upp svokallað “móttökueldhús” þar sem mikið er um kæligeymslur og ofna til að halda heitum mat sem búinn er til annars staðar. Varðandi staðsetningu á þessu eldhúsi eru tveir möguleikar, þ.e. að ganga á það rými sem nú er fatahengi og nota að öðru leiti núverandi rými og hinsvegar að byggja við húsið í suðvestur hluta þess viðbyggingu upp á u.þ.b. 100m² sem þá væru einnig geymslur.

Í tengslum við eldhús þarf að huga að bættri starfsmannaaðstöðu og bar.

e) Aðgengismál

Nokkur kostnaður mun falla til við að endurbæta aðgengi fatlaðra að húsinu og inni í því. Lyfta fyrir þrjár hæðir gæti kostað um 5-6 milljónir.

Vænlegur kostur er að breyta allri aðkomu að húsinu nokkuð, bæta stiga niður í kjallara og tengja lyftu við þann stigagang til að auka möguleika á flæði fólks milli hæða.

f) Geymslurými

Huga þarf að auknu geymslurými eða bæta aðgengi að kjallara og/eða 2.hæð til að nýta geymslur þar. Væntanlega þarf að setja í húsið

vörulyftu til að flytja stóla og borð milli hæða eða huga að áður nefndri viðbyggingu suðvestan hússins.

g) Önnur hæð

Á annarri hæð er ástand hússins nokkuð gott og mikið af auðu rými sem nýta má með tiltölulega litlum tilkostnaði. Hér mætti t.d. innrétta setustofu þar sem gestir af neðri hæð gætu rætt lífsins gagn og nauðsynjar í næði frá starfseminni á jarðhæð!

Þá má benda á gríðarlega fallegt útsýni af svölum hússins sem tengjast annarri hæð.

h) Annar kostnaður

Skipta þarf um gólfefni á allra jarðhæð, skipta þarf um hurðir og klæðningu, skipta þarf út öllu loftræstikerfi, yfirfara þarf raflagnir og mála húsið að innan. Einnig þarf að vinna í lóð.

VERKÁÆTLUN

Tillaga að verkáætlun fyrir menningarhús í Skagafirði er sem hér segir.

Hönnun

Þegar skrifað hefur verið undir samninga um fjármögnun menningarhúsanna verður hafist handa við nánari útfærslu á þeim hugmyndum sem settar eru fram í þessari skýrslu og í framhaldi af því hefst vinna við hönnun húsanna. Ekki er enn ljóst hvort farið verður út í hönnunarsamkeppni eða hvort samið verði sérstaklega við fyrirfram ákveðna aðila en slíkt gæti orðið raunin þar sem byggja á við áður byggð hús.

Miðgarður

Endurbætur á Miðgarði gætu hafist þegar teikningar lægju fyrir sem gæti verið á síðari hluta árs 2004, að því gefnu að skrifað yrði undir samninga um fjármögnun á fyrri hluta árs. Gangi þetta eftir ætti endurbótum og uppbyggingu að ljúka um mitt ár 2005.

Menningarmiðstöð á Sauðárkróki

Bygging nýrrar menningarmiðstöðvar á Sauðárkróki og endurbætur á Safnahúsi gætu hafist þegar hönnun er lokið sem gæti í fyrsta lagi orðið á síðari hluta ársins 2005. Gera má ráð fyrir að framkvæmdir taki 2-3 ár.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Kostnaður við uppbyggingu menningarhúsa í Skagafirði er áætlaður að vera um 460 milljónir króna.

Áætlunin byggir á því að kostnaður við nýbyggingar verði um kr. 210.000 á m² og kr 70.000 á m² í endurbyggingu eldri húsa. Þessar tölur eru byggðar á mati frá verkfræðistofunni Stoð á Sauðárkróki sem fram fór í mars 2003.

Miðgarður

Breytingar og nýbyggingar sem fjallað er um í þessari skýrslu hafa verið metnar af Verkfræðistofunni Stoð á 90-110 milljónir. Tekið skal fram að ekki er um að ræða mjög nákvæmt mat þar sem endanleg útfærsla á hugmyndum liggur ekki fyrir. Hér er því gert ráð fyrir 100 milljónum í kostnað við endurbyggingu Miðgarðs.

Menningarmiðstöð á Sauðárkróki

Nýbygging vegna Menningarmiðstöðvar er áætluð um 1.450 m² og núverandi safnahús sem verður endurgert er um 970 m².

1.450 x 210.000 = 294.000.000 (án húsbúnaðar).

970 x 70.000 = 67.900.000

Samtals: kr. = 361.900.000

Kostnaðarskipting ríkis og Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna menningarhúsa

Heildarkostnaður við uppbyggingu menningarhúsa í Skagafirði er því áætlaður um 461.900.000.

Miðað við þá kostnaðarskiptingu sem notuð hefur verið í fyrri samningum ríkis og sveitarfélaga um menningarhús greiðir ríkið 60% af byggingarkostnaði og sveitarfélagið Skagafjörður 40%.

Niðurstaðan yrði þá þessi:

Ríki: 277.140.000

Skagafjörður: 184.760.000